

Dagskrá

Föstudagur

Lagt af stað úr heimabyggð

17:00-18:00 Mæting á Egilsstaði

18:00 Matur og frjáls tími

19:30 Mótssetning - kvöldvaka- leikur

21:00 Frjáls tími og sundlaugarparty

23:00 Helgistund/kvöldhressing

00:00 Farið í háttinn

01:00 Ró

Laugardagur

08:30 Vakning – morgunmatur

10:00 Leikandi Landsmót - fróðleikur og fjör

12:00 Hádegismatur

13:00 Leikandi Landsmót - leikir

14:30 MIP Egilsstaðir

16:00 Kaffitími

16:30 Hæfileikakeppni æskulýðsfélaganna

17:30 Frjáls tími

19:00 Kvöldmatur

20:00 Frjáls tími

21:00 Kvöldvaka

21:30 Ball

23:00 Helgistund

00:30 Ró

Sunnudagur

08:30 Vakning

09:00 Morgunmatur og frágangur

10:30 Messa í Egilsstaðakirkju

11:30 Hressing

12:00 Heimferð

Leikandi Landsmót



Egilsstaðir 2018

#leikandilandsmót



Reglur mótsins

Yfirskrift mótsins er Leikandi Landsmót og þemað leikir og notkun leikja til að rjúfa félagslega einangrun. Við ætlum að læra nýja leiki og einnig líta til baka í þessa gömlu góðu leiki sem við kunnum og elskum og verður að varðveita.

Síðastliðin ár höfum við óskað eftir því að æskulýðsfélagin sendi myndband af atriðinu sínu um leið og það er skráð á mótið. Við mælumst til þess að atriðin séu ekki lengri en 3 mín. Dómnefndin velur svo fimm atriði sem komast áfram í lokakeppnina á Landsmóti. Úrslit hæfileikakeppninnar fara fram á laugardeginum en þar gildir stigagjöf úr sal jafnt við stig dómara líkt og í Eurovision. Nánari upplýsingar á aeskth.is

Á laugardagskvöldinu er Leikandi Landsmóts ballið en einnig verður hvíslhornið í boði þar sem prestur/leiðtogi verður til staðar ef einhver vill spjalla á lágu nótunum eða eiga góða kyrrðarstund og spilstöð fyrir þá sem ekki hafa áhuga á dansinum.

Við hvetjum leiðtoga og foreldra að ræða hverskonar klæðnaður sé viðeigandi hverju sinni og að hver og einn klæði sig af virðingu við sjálfan sig og þannig að viðkomandi líði vel. Þá er einnig gott að hafa í huga að vera í þægilegum skóm á ballinu.

Þegar haldið er í ferðalag sem þetta þá er nauðsynlegt að hafa réttan farangur. Því viljum við benda ykkur á nokkra hluti sem eru mikilvægir: föt til skiptanna, góð útiföt (þar sem ætlunin er að fara út að leika), sundföt, skjólfatnað, skó og íþróttaskó. Nauðsynlegt er að koma með svefnpoka, kodda og dýnu. Snyrtidót, s.s. tannbursta, tannkrem, sjampó, handklæði og fleira því tengt. Svo verðum við að muna að þegar við erum í svona ferð er gott muna að vera jákvæð/ur, hafa bros á vör, gleði í hjarta og sýna náunga okkar fyllstu virðingu! Þátttakendur koma með allan búnað á eigin ábyrgð. Því skal gæta ýtrustu varúðar með dýran búnað s.s. farsíma. Tvíbreiðar vindsængur eru einungis leyfðar ef tveir sofa á þeim.

Til þess að hafa næga orku fyrir landsmót frá upphafi til enda er mikilvægt að borða hollan mat, drekka vatn og ná þokkalegum nætursvefni. Það er mikið að gerast á mótinu og þess vegna þurfum við sérstaklega að passa uppá orkubirgðirnar þessa helgi. Við skulum líka vera dugleg að passa uppá hvert annað og láta leiðtoga vita ef eitthvað er að.

Æskulýðsfélög skrá sinn hóp og leiðtoga í gegnum skraning.aeskth.is fyrir 5. október

1. Gullna reglan – förum eftir henni
“Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra”
2. Umgengni lýsir innri manni. Göngum um allt húsnæði með virðingu. Valdi þátttakandi skemmdum á húsnæði og/eða eigum Egilsstaðabæjar, ÆSKÞ eða annarra er honum gert að bæta tjónið.
3. Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
4. Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins nema annað sé sérstaklega tekið fram.
5. Þátttakendum bera að hlýða leiðtogum/prestum sinnar kirkju, starfsfólki og landsmótsstjóra.
6. Orkudrykkir eru bannaðir á landsmóti.
7. Meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er óheimil á Landsmóti. Haft verður samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessu reglu og viðkomandi verður sendur heim á þeirra kostnað.
8. Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi

Verð á mótið er 21.900 kr fyrir aðila að ÆSKÞ en 24.900 fyrir aðra. Innifalið í verðinu eru allar ferðir, matur, svefnaðstaða og aðgangur á mótið. Staðfestingargjald að upphæð 7.000 kr. skal greiða við skráningu og er gjaldið óafturkræft.